

Ed. 381. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður og orðist svo:
13. Vélavinna við snjósmokstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af því, sem við er að stríða í samgöngumálum landsmanna, er snjórinn. Þjóðvegir teppast vegna snjóa og byggðarlög og heilir landshlutar einangrast í skemmri eða lengri tíma á veturnum. Með bættri vegagerð og uppbyggðu vegakerfi verður samgöngum stöðugt betur haldið uppi þrátt fyrir snjóa. En hvað sem vel er gert í þessu efni verður aldrei hjá komist að ryðja þurfi snjó úr vegi svo að haldið

verði uppi eðlilegum samgöngum. Þess vegna hlýtur snjómokstur til að greiða fyrir samgöngum að vera mikilvægur þáttur samgöngumálanna.

Vegagerð ríkisins sér um allan snjómokstur á þjóðvegum samkvæmt sérstökum reglum. Núgildandi reglur um snjómokstur á þjóðvegum eru frá 9. febrúar 1977, sbr. fylgiskjal I. Samkvæmt reglum þessum greiðir Vegagerðin allan kostnað við snjómokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða. Kveðið er á um hvað snjómokstur skuli vera tíður á hinum einstöku þjóðvegum. Ef þörf er, skal moka suma vegi alla daga, aðra vegi alla virka daga, þá aðra vegi tvo daga í viku, enn aðra vegi einu sinni í viku o. s. frv. Og auk þessa skal Vegagerðin greiða helming kostnaðar við snjómokstur, sem einstakir aðilar óska eftir. Heildarkostnaður Vegagerðarinnar af snjómokstri nam árið 1978 818.9 milljónum króna, sbr. fylgiskjal II.

Til viðbótar framangreindum kostnaði af snjómokstri á þjóðvegum kemur svo sá kostnaður, sem greiddur er að hálfu á móti Vegagerðinni. Hér er um að ræða kostnað, sem borinn er af þeim aðilum sem óska snjómokstursins, svo sem einstökum sveitarfélögum, mjólkurbúum og fleiri.

En snjómokstur er ekki bundinn við þjóðvegina. Hann er einnig nauðsynlegur innan marka hinna einstöku þéttbýlisstaða. Sveitarfélögin ein hvert í sínu umdæmi standa undir þeim mikla kostnaði, sem þessum snjómokstri fylgir.

Enn er þess að geta, að um er að ræða snjómokstur á flugvöllum þegar þörf krefur vegna flugsamgangna. Kostnaður af þessum snjómokstri er greiddur af rekstrarfé flugvallanna.

Snjómokstur, hvort sem er á þjóðvegum, í þéttbýli eða á flugvöllum, er nú aðallega unninn með stórvirkum vélum. Samkvæmt lögum ber að greiða 20% sölu-skatt að þessari vélavinnu. Þessi skattheimta er af ýmsum ástæðum bæði óeðlileg og ranglát. Þegar ríkið í einu eða öðru formi greiðir kostnaðinn af snjómokstri er það að greiða sjálfu sér söluskatt. Niðurfelling þessa söluskatts rýrir því í sjálfu sér ekki stöðu ríkissjóðs. Þegar aðrir en ríkið greiða söluskatt af snjómokstri kemur það oft verst við þá, sem sist skyldi. Það kemur harðast niður á þeim, sem í mesta fámenninu og mestu einangruninni eiga ekki annars úrkosta en að leggja í aukakostnað fram yfir aðra landsmenn vegna snjómoksturs.

Með tilliti til framanritaðs er með þessu frumvarpi gerð tillaga um að fella niður söluskatt af snjómokstri.

Fylgiskjal I.

Reglur um snjómokstur á þjóðvegum.

1. Vegagerðin sér um allan snjómokstur á þjóðvegum, og hafa verkstjórar hennar stjórn hans á hendi. Verkstjórar greiða því ekki annan kostnað við snjómokstur en þann, sem þeir hafa stofnað til eða samþykkt.
2. Vegagerðin greiðir helming kostnaðar við snjómokstur á öllum þjóðvegum þegar beðið hefur verið um hann og greiðsla hins helmings kostnaðarins verið tryggður, enda telji verkstjóri moksturinn koma fleiri vegfarendum til góða en þeim, sem um snjómoksturinn biður. Óskir sveitarfélaga um helmingamokstur gangi að jafnaði á undan óskum einstaklinga.
3. Vegagerðin greiðir allan kostnað við mokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða, þó ekki nema ákveðinn fjöldi daga í viku eða mánuði. Sé óskað eftir meiri mokstri á þeim vegum skal kostnaði við hann skipt skv. 2. grein. Hver verkstjóri fær skrá yfir þá vegi á hans svæði, sem þessi grein nær til.
4. Vegagerðin greiðir fyrsta mokstur á haustin (október, nóvember), svo fyrstu snjóar stöðvi ekki umferð og öikumönnum gefist kostur á að ljúka ferð sinni. Vegagerðin greiðir einnig síðasta mokstur á vorin, nema um hann hafi verið beðið áður en verkstjóri telur tímabært.

5. Vegaeftirlitið í Reykjavík hefur með hendi samræmingu snjómoksturs um allt land.
6. Verkstjórum ber að varast að moka, þegar veður er óhagstætt eins og í snjókomu eða skafrenningi eða þegar slík veður eru fyrirsjáanleg. Enn fremur skulu þeir fækka mokstursdögum eða leggja mokstur niður um lengri eða skemmri tíma í samráði við vegaeftirlitið, þegar kostnaður við hann er orðinn óhóflegur.
7. Ef vegir eru færir þann dag eða þá daga, sem moka á, verður ekki mokað aðra daga í stað þeirra. Sé ekki unnt vegna veðurs að opna á áætlunardegi, má opna næsta færan dag á eftir.
8. Þegar vegur er opnaður, skal stefnt að því, að hann sé opinn til umferðar eins fljótt og unnt er eftir kl. 8.00 að morgni. Lokist vegur eftir kl. 19.00, verður hann ekki opnaður aftur nema í undantekningartilfellum.
9. Ekki er heimilt að opna sama veg oftár en tvisvar í viku, sé hann opnaður jafnoft eða sjaldnar samkv. snjómokstursreglum.
10. Á mjög snjóþungum vetrum geta sveitarfélög, sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna snjómoksturs sótt um endurgreiðslu til Vegagerðar ríkisins á hluta þess kostnaðar, sem þeim ber að greiða samkvæmt 2. gr. Endurgreiðsla skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en helmingi af hluta sveitarfélaga.
11. Mánaðarlega skal senda til vegaeftirlitsins í Reykjavík upplýsingar um kostnað við snjómokstur á einstökum vegaköflum og skal haft samráð við vegaeftirlitið um það.

Samþykkt af samgönguráðherra, 9. febr. 1977.

Fylgiskjal II.

Kostnaður við vetrarviðhald eftir kjördæmum árin 1977—'78.

	Kostn. '77	á verðl. '78	kostn. '78
Suðurland	14.5 m.kr.	21.5 m.kr.	77.2 m.kr.
Reykjanes	33.1 —	49.0 —	92.2 —
Vesturland	46.1 —	68.2 —	93.0 —
Vestfirðir	101.0 —	149.5 —	167.2 —
Norðurland vestra	47.3 —	70.0 —	68.1 —
Norðurland eystra	103.1 —	152.6 —	138.5 —
Austurland	148.7 —	220.2 —	182.7 —
	493.8 m.kr.	730.9 m.kr.	818.9 m.kr.